Samherji fiskeldi ehf.
Glerárgötu 30
600 - Akureyri

Skoðunarskýrsla #5553
Eftirfylgniskoðun
FE-1142

Eftirlit framkvæmt 19/08/2026 og skýrsla send 06/10/2026
FE-1142

Samantekt

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir, framkvæmdi eftirfylgnieftirlit á tímabilinu 23. júlí til 19. ágúst 2026 vegna frávika sem skráð voru í eftirlitsskýrslu dags. 18. mars 2025 vegna eftirlits í eldisstöð Samherja, Núpsmýri í Öxafirði.

Samkvæmt tímasettri úrbótaáætlun eftirlitsþega átti úrbótum að vera lokið.

Í framangreindri eftirlitsskýrslu voru til staðar eitt alvarleg frávik (eldisbúnaður og fiskheldni) og fjögur frávik (dagbókafærslur, þjálfun starfsfólks, verlagsreglur og innra eftirlit).

Matvælastofnun kallaði eftir gögnum þann 23. júlí og voru þau yfirfarin á skrifstofu stofnunarinnar.

Þann 14. ágúst fór eftirlitsmaðurinn í eldisstöðina þar sem gengið var um og varnir gegn stroki skoðaðar. Þá var jafnframt skoðaðar dagbókafærslur. Viðstaddir eftirlitið voru Elvar Steinn Traustason og Thomas Helming.

Ljóst er að eftirlitsþegi hefur lagfært tvö frávik sem vörðuðu dagbókafærslur og verklagsreglur.

Eftir standa þá eitt alvarleg frávik og tvö frávik.

Veittur er frestur til 4. nóvember 2026 til að ljúka úrbótum

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Eldisbúnaður og fiskheldni	04/11/2026

Frávik	Úrbótafrestur
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfunarskrá starfsmanna	04/11/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Innra eftirlit	04/11/2026

Viðstödd heimsókn	Samherji fiskeldi ehf.	**Undirbúningur**	1 klst.
Kennitala viðtakenda	610406-1060	**Frágangur**	2 klst.
Skoðunarmaður	Jónína Guðmundsdóttir	**Tímar við úttekt**	5 klst.
Tölvupóstur	mast@mast.is	**Akstur**	1 klst.

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Eldisbúnaður og fiskheldni

Frestur til úrbóta: 04/11/2026

Frávik skráð í eftirlitsskýrslu dags. 27. júní 2024: Ljóst er að fiskeldisstöð var ekki útbúin eldisbúnaði sem var nægjanlega fiskheldur.

Frávik skráð í eftirlitsskýrslu dags. 18. mars 2025:

Í eftirliti 25. febrúar 2025 eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

- Ristar í niðurföllum í starthúsi eru of stórar. Mikið magn seiða lágu dauð á gólfi fyrir neðan ker.
- Ristar í rými þar sem ker merkt K eru staðsett eru of stór miðaða við stærð seiða. Tveir dauðir fiskar lágu á gólfi við ker K3.
- Í settjörn sáust nokkur dauð seiði.
- Rist í affalli úr settjörn er beygluð þannig að seiði geta komist í gegn um hana og seinni varnir því ónægar.

Í ljósi framangreinds sem og þar sem frávik frá 27. júní var ekki lagað er skráð alvarlegt frávik á þennan lið.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Þegar eftirlitsmaður kom í eldisstöðina var gengið um eldisrými og farið yfir ristar í niðurföllum. Allar ristar voru yfir niðurföllum.

Gengið var í kringum settjörn og rist í affalli skoðuð sérstaklega en ljóst er að hún hefur verið lagfærð með fullnægjandi hætti.

Í umrætt sinn sá eftirlitsmaður u.þ.b. 3 kg fisk syndandi í settjörninni. Að sögn eftirlitsþega töldu þeir líklegast að hann hefði komist í tjörnina eftir lögnum en jafnframt væri möguleiki á að hann hefði náð að hoppa yfir hoppvörn á keri næst tjörninni sem væri of lág, lent á jörðinni og náð að sprikla yfir í settjörnina sem er ekki langt frá. Ólíklegra væri þó að það hefði gerst þar sem umrætt ker hafi verið tæmt fyrir einhverju síðan. Líklegra væri að fiskurinn hafi komist í tjörnina með lögnum.

Matvælastofnun telur ljóst að varnir eldisstöðvarnar séu ófullnægjandi þar sem fiskur komist í gegnum þær og í settjörn þar sem er þá einungis ein vörn eftir út í sjó. Þar sem hér er um að ræða ítrekað frávik er ljóst að þær aðgerðir sem eftirlitsþegi hefur lagt í hafa ekki skilað árangri. Matvælastofnun fer fram á að eftirlitsþegi greini umrætt frávik, sannprófi og grípi tafarlaust til fullnægjandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að fiskur berist í settjörnina.

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar sá jafnframt dauðan lax á jörðinni við ker G4 og telur því ljóst að hoppnet sem haft er í kringum umrætt ker og ker næst settjörninni séu of lág.

Í ljósi alls framangreinds eru úrbætur ófullnægjandi og alvarlegt frávik stendur áfram.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Þjálfunarskrá starfsmanna

Frestur til úrbóta: 04/11/2026

Frávik skráð í eftirlitsskýrslu dags. 18. mars 2025:

Í áætlun/yfirlit yfir þjálfun sem starfsfólk þarf að fá vantar að tilgreina að starfsfólk þurfi að fá þjálfun í að hindra stork og virkja viðbragðsáætlanir sem og að lágmarka umhverfisáhrif.

Í áætlun/yfirlit um nýliðaþjálfun vantar að tilgreina að starfsfólk fái þjálfun í eftirfarandi þáttum:

· Vörnum gegn stroki; helstu ástæður og hvernig má koma í veg fyrir strok.

· Viðbrögðum við stroki.

· Meðhöndlun eituefna.

Matvælastofnun óskaði eftir að fá þjálfunarskrár starfsfólks með upphafsstafina A-H senda í tölvupósti. Við yfirferð gagnanna er ljóst að starfsmennirnir hafa ekki fengið þjálfun í að tryggja velferð eldisdýra eins og áskilnaður er gerður um í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Þá vantar að skrá þátttöku starfsfólks í árlegum fundi um innihald gæðahandbókar í þjálfunarskrá þeirra.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Matvælastofnun kallaði eftir verklagi um þjálfun starfsmanna og þjálfunarskrá allra starfsmanna í eldisstöðinni.

Verklagsreglu um þjálfun starfsmanna hefur verið lagfærð.

Í þjálfunarskrá er einungis ártal skráð undir hóf störf en ekki nákvæm dagsetning.

Ekki kemur fram tímasetning á því hvenær þjálfun fór fram en skv. verklagi um þjálfun starfsfólks kemur fram að endurmenntun starfsmanna fari fram árlega. Til þess að hægt sé að staðreyna að eftirlitsþegi fari eftir eigin verklagi hvað varðar bæði nýliðaþjálfun og endurmenntun starfsmanna þarf að koma fram tímasetning þjálfunar.

Í þjálfunarskrá er ekki tilgreind þátttaka í árlegum fundi eins og kröfur eru um í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Matvælastofnun telur úrbótum á fráviki undir þessum lið ófullnægjandi og því stendur frávikið áfram.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Innra eftirlit

Frestur til úrbóta: 04/11/2026

Frávik skráð í eftirlitsskýrslu dags. 18. mars 2025:

Verklag um innra eftirlit er til staðar en ekki er listi yfir þau skoðunaratriði sem þarf að fara yfir við innra eftirlit. Virkt innra eftirlit er því ekki til staðar.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Við eftirfylgnieftirlit kallaði Matvælastofnun eftir verklagsregla um innra eftirlit skrá/staðfestingu á síðasta innra eftirlits.

Verklagsregla um innra eftirlit er fullnægjandi.

Varðandi staðfestingu á síðasta innra eftirlit þá barst stofnuninni skjal sem ber heitið Innra eftirlit- Sannprófun- Gátlisti sem dagsettur er 23. september 2024. Matvælastofnun telur þetta ekki vera staðfestingu á síðasta innra eftirliti heldur árlegri sannprófun frá árinu 2024.

Í ljósi framangreinds telur Matvælastofnun að úrbætur hafi ekki átt sér stað hvað varar þennan lið og frávik stendur því áfram.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 19/08/2026 fór fram eftirfylgniskoðun og var skýrsla send viðtakanda 06/10/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 3 skoðunaratriðum, þar af 1 alvarlegt frávik og 2 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í **eftirlitshandbókum** Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Eldisbúnaður og fiskheldni

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfunarskrá starfsmanna

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Innra eftirlit